

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2005-2025, búgarðabyggð í landi Byggðarhorns.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. mars 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2005-2025, frá 23. mars 2006.

Breytingin felst í því að 150 ha landbúnaðarsvæði (Byggðarhorn 1 og lóð 173956) breytist í blandað svæði íbúðarbyggðar og opins svæðis til sérstakra nota.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 9. mars 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 26. mars 2007